



LÍA - AKÍS

Aðalfundur 3. júní 2014

Aðalfundur LÍA var haldinn í Ípróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsal E 3. júní 2014.

Guðbergur Reynisson forseti LÍA bauð menn velkomna á fundinn.

Guðbergur stakk upp á Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Þrándi Arnþórssyni sem fundarritara. Það var samþykkt.

Fundarstjóri spurði hvort löglega hefði verið til fundarins boðað og var það samþykkt.

Fundarstjóri leitar afbrigða vegna laga LÍA, 7. grein, 8. grein og 10. grein. Samþykkt samhljóða.

1. Aðild að sambandinu – ný félög – brottvísanir

LÍA aðildarfélög eru:

Akstursípróttafélag Suðurnesja
Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar
Start
Bífréiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur
Bílaklúbbur Skagafjarðar
Torfæraklúbbur Suðurlands
Flugbjörgunarsveitin Hellu
Brautin – Bindindisfélag Ökumanna

Engin ný félög eða brottvísanir.

2. Stjórn gefur skýrslu um starfsemi liðins árs

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Árið 2013 var engin starfsemi í sambandinu en öll stjórnun fór fram gegnum Akstursípróttasambandið, í nafni LÍA voru þó greiddar niður skuldir við FIA sem höfðu safnast upp frá árinu 2008 og tekin stefna varðandi aðrar skuldir LÍA.

FIA samþykkti í framhaldi af því styrk vegna öryggisnámskeiða í nafni LÍA að upph 20.000 evrur og sjáum við á því að gott er að halda sem bestu sambandi við FIA eins og hægt er til þess að geta sótt í slíka styrki áfram. Meginstarf stjórnar LÍA árið 2013 einkenndist samt af umræðum um sameiningu sambandanna, LÍA og AKÍS sem stofnað var út frá Akstursípróttanefnd LÍA og ÍSÍ þann 20.12.2012.

Stjórnarmenn LÍA hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf við sameininguna frá því samkomulag um akstursípróttir var undirritað árið 2008 og þökkum við þeim þeirra innlegg.

Ég ætla að renna aðeins yfir samkomulagið til þess að glöggva fundarmenn aðeins á því sem hefur verið gert síðan samkomulagið var undirritað.

Samkomulag vegna akstursípróttamála

A) Skipun Akstursípróttanefndar ÍSÍ/LÍA

1. ÍSÍ skipar akstursípróttanefnd ÍSÍ sem starfar í nánú samstarfi við LÍA undir vinnuheitinu akstursípróttanefnd/LÍA. Markmið nefndarinnar er að vinna að málefnum akstursípróttu og undirbúa stofnun akstursípróttasársambands.

Lárus Blöndal fór fyrir nefndinni og með ýmsum stjórnarmönnum frá félögum í akstursípróttum þangað til Akstursípróttasamband Íslands AKÍS var stofnað 20.12.2012

2. Nefndin starfi í eitt ár en að starfstíma loknum verði staðan metin um það hvort stofnað verði akstursípróttasamband.

Nefndin starfaði í tæp 5 ár og var ákveðið í lok árs 2012 að nú yrði að klára málið

3. Akstursípróttanefnd/LÍA starfi í samræmi við lög og reglur FIA.

Starfað hefur verið eftir lögum og reglum FIA og International Sporting Code

4. LÍA haldi aðild að FÍA á starfstímanum en gefi tilskilin leyfi í nánú samstarfi við Akstursípróttanefndina að uppfylltum skilyrðum FÍA um hver þau málefni sem undir þau falla.

Staðið var við þetta að öllu leyti á tímanum.

5. Akstursípróttanefndin sjái um keppnishald og samræmingu mótaskipulags, auk þess sem samningur LÍA við RÚV um sýningar á akstursípróttum falli undir starfsvið hennar.

Akstursípróttanefndin sá um keppnishaldið og það sem því fylgdi en samningur við RÚV sá aldrei dagsljós

6. Akstursípróttanefnd ÍSÍ/LÍA hafi afnot af eignum LÍA, utan sjónvarpsefni, á umsömdum starfstíma.

Akstursípróttanefndin hefur haft aðgang að eignum LÍA og mun nú hefjast vinna við söfnun á sjónvarpsefni LÍA þar sem starfstíma er lokið

7. Stjórnin verði skipuð einum fulltrúa frá hverri eftirtalinni akstursíprótt:

Kvartmíla
Rallý
Torfæra
Rallýkross
Kart
LÍA

Formaður verði skipaður af ÍSÍ.

Þetta var gert í einu og öllu

8. Félög LÍA, sem standa utan ÍSÍ vinni að því að fá inngöngu í héraðssambönd/íþróttabandalög.

Flest þau félög sem eru í LÍA hafa gengið í Héraðssambönd eða Íþróttabandalög og eru þau félög sem ekki hafa enn klárað sitt, hvött til að klára aðildarferlið ef áhugi er fyrir áframhaldandi samstarfi.

9.

a. ÍSÍ og LÍA vinni saman við að leita lausna á fjárhagsvandræðum LÍA og fjármagna skuldir LÍA m.a. með sölu eigna LÍA.

Þetta hefur verið gert

b. Leitað verður eftir stuðning frá hinu opinbera við verkefnið.

Leitað var eftir stuðningi hins opinbera en vegna alheimskreppu sem skall á haustið 2008 hefur ekki enn verið staðið við fyrirheit af hendi ríkisins.

c. Settur verði upp sérstakur starfshópur sem fari með þetta verkefni tilnefndur af ÍSÍ og stjórn LÍA

Starfshópurinn ásamt stjórn LÍA hefur unnið ötullega að lækkun skulda sem voru um 20 milljónir.

10. Stefnt er að því að starfshópurinn ljúki störfum fyrir árslok 2008. Takist starfshópnum að leysa úr verkefni sínu er gert ráð fyrir að LÍA sameinist akstursíþróttanefnd ÍSÍ í framhaldinu. Áður en til þess kæmi verður þó farið í formlega innköllun á kröfum á hendur LÍA til að tryggja að búið sé að leysa úr öllum vandamálum LÍA áður en til sameiningar kemur.

Nú eru eingögnu eftir skuld að upphæð kr. 4.850.000 sem verður væntanlega greitt upp á næsta ári í samráði við ÍSÍ.

Í dag er sögulegur atburður að eiga sér stað í sögu akstursíþróttar þar sem við erum á þessu þingi að leggja til samþykktar ný lög sambandsins og nýtt starfsheiti og munu loksins þessi tvö akstursíþróttasambönd, Landssamband Íslenskra Akstursíþróttafélaga og Akstursíþróttasamband Ísland sameinast undir einu nafni Akstursíþróttasambands Íslands AKÍS, en ferlinu er þó ekki alveg lokið þar sem ársþing 2015 þarf að leggja lokahönd á samþykktina.

Eigum góðan og málefnalegan fund og leggjum allt okkar á vogarskálarnar til þess að framtíð akstursíþróttar á Íslandi verði á ný björt og akstursíþróttamenn sameinaðir í einu sérsambandi undir merkjum AKÍS, FIA og ÍSÍ.

3. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til afgreiðslu

Lögð var fram eftirfarandi yfirlýsing frá stjórn félagsins:

Yfirlýsing stjórnar vegna ársreiknings LÍA 2013

Stjórn Landssambands Íslenskra Akstursfélaga lýsir hér með yfir að hún viti ekki til þess að neinn rekstur hafi verið hjá félaginu á liðnu starfsári.

Akstursíþróttasamband Íslands tók yfir efnislegar eignir félagsins í formi talstöðva og Tetra stöðva ásamt og skuldum félagsins, samanber samþykktan ársreikning á ársþingi Akstursíþróttasambands Íslands þann 28. mars 2014.

Þetta staðfestir meirihluti stjórnar með undirskrift sinni þann 3. júní 2014 í Reykjavík.

Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Bókun vegna lagabreytinga á ársfundi Landssambands Íslenskra Akstursfélaga þann 3. júní 2014

Lagabreyting sú sem hér er lögð fram, er afrakstur þess starfs er hófst með samkomulagi um stofnun Akstursíþróttanefndar ÍSÍ / LÍA árið 2008 með það fyrir augum að sameina akstursíþróttir á Íslandi eins og þær eru skilgreindar af Federationem Internationale de L'Automobile, í sérsamband innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Lögð voru fyrir ný lög sambandsins ásamt eftirfarandi viðbót við 7. grein þar sem bætist við 7. töluliður sem hljóðar svo:

7. Fulltrúi frá Flugbjörgunarsveitarinnar Hellu og Brautinni, Bindindisfélagi Ökumanna.

Lögin í heild voru samþykkt samhljóða með ofangreindri viðbót og mun sambandið héðan í frá heita AKIS.

5. Kosning stjórnar og endurskoðenda

Í stjórn LÍA árið 2013 voru eftirfarandi:

Guðbergur Reynisson - forseti

Lárus Blöndal

Ólafur Guðmundsson

Ragnar Róbertsson

Tryggvi M. Þórðarson

Í varastjórn:

Gunnar Hjálmarsson

Ari Jóhannsson

Einar Gunnlaugsson

Vegna skyndilegs fráfalls Ólafs Rafnssonar forseta ÍSÍ á miðju síðasta ári þurfti Lárus Blöndal verandi varaforseti ÍSÍ að gangast í stöðu forseta og baðst því undan störfum sem gjaldkeri LÍA, rúmlega þremur tímum fyrir þennan aðalfund LÍA sendi svo Ólafur Guðmundsson úrsögn úr stjórn LÍA í kjölfar þess sem gerðist á landsþingi Akstursíþróttasambands Íslands.

Tillaga stjórnar AKÍS borin upp:

Formaður:

Guðbergur Reynisson

Til næstu tveggja ára:

Gunnar Bjarnason
Einar Gunnlaugsson
Ari Jóhannsson

Til eins árs:

Ragnar Róbertsson
Þórður Bragason
Tryggvi M Þórðarson

Í varastjórn (í þessari röð):

Helga Katrín Stefánsdóttir
Jón Bjarni Jónsson
Gunnar Hjálmarsson

Skoðunarmenn reikninga

Gunnar Bragason
Jón Gestur Viggósson

Samþykkt samhljóða.

6. Kosning fulltrúa í nefndir og ráð.

Vísað til sjórnar.

7. Önnur mál

- a. Ályktun um sameiningu LÍA og AKÍS.

Árspaning Landssambands Íslenskra Akstursfélaga 2015

Aðalfundur Landssambands Íslenskra Akstursfélaga 2014, samþykkir að næsta árspaning AKÍS, eins og félagið heitir nú, verði haldið á sama stað og tíma og næsta árspaning Akstursíþróttasambands Íslands og að á þeim fundi muni þessi tvö félög sameinast undir nafninu Akstursíþróttasamband Íslands með kennitölu AKÍS.

Samþykkt samhljóða.

- b. Lagt fram bréf frá Ólafi Guðmundssyni.
- c. Guðbergur ræddi um samning sem er á teikniborðinu fyrir keppnishaldarafélög. Stefnt að því að þetta verði komið næsta vor.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 18:50

Þrándur Arnþórsson

Mætingarlisti

Nafn	Félag	Tölvupóstur	Sími
Guðbergur Reynisson	Stjórn (Start)	beggisreynis@simnet.is	8250011
Tryggvi M. Þórðarson	Stjórn (BS)	tryggvi@tryggvi.org	6923672
Gunnar Bjarnson	AÍH	rettvbg@simnet.is	8993089
Gunnar Hjálmarsson	AÍH	gunnar898@gmail.com	6924669
Ari Jóhannsson	KK	arijohannsson@hotmail.com	8221599
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS	helgakatt@gmail.com	8617664
Einar Guðmundsson	Brautin	einar@brautin.is	8257110
Árni Gunnlaugsson	AÍFS	lostboys@simnet.is	8426610
Svanur Lárusson	FBSH	ssl@mi.is	8990808
Þórður Bragason	BÍKR	thbraga@simnet.is	8961442
Ragnar Róbertsson	AKÍS	4x4@4x4.is	7724444